



Svar

Viðtakandi: Velferðarráð

Sendandi: Regína Ásvaldsdóttir, sviðsstjóri

Efni: *Svar við fyrirspurn fulltrúa Samfylkingarinnar, Pírata og Vinstri grænna um sundurliðun á nýtingu þjónustugreiðslna vegna barna*

Á fundi velferðarráðs þann 2. mars 2022 lögðu fulltrúar Samfylkingarinnar, Pírata og Vinstri grænna eftirfarandi fyrirspurn.

Óskað er eftir eftirfarandi sundurliðun á nýtingu þjónustugreiðslna vegna barna, sbr. 10. gr. reglna um fjárhagsaðstoð: Nýtingarhlutfall barna á aldrinum 2-6 ára sem dvelja á leikskóla. Nýtingarhlutfall barna á aldrinum 6-9 ára sem dvelja á frístundaheimili. Nýtingarhlutfall barna á aldrinum 6-15 ára vegna greiðslu á skólamáltíðum.

Svar:

Þegar endurskoðaðar reglur um fjárhagsaðstoð tóku gildi í mars 2021, þar sem innleiddar voru svokallaðar þjónustugreiðslur til foreldra sem fá fjárhagsaðstoð til framfærslu, var hlutfall barnafólks sem fékk aðstoð skv. 16. gr. a eldri reglna 34% en var tæplega 28% í mars á árinu á undan.

Í mars 2022 fékk alls 271 foreldri fjárhagsaðstoð til framfærslu með alls 500 börnum. Af þeim hópi eru 107 foreldrar með engan útlagðan kostnað vegna þjónustugreiðslna. Af þeim hópi eru 36 foreldrar með börn á aldrinum 0, 16 og 17 ára sem ekki eiga rétt á þjónustugreiðslum. Alls nýta því 74% foreldra þjónustugreiðslur fyrir að minnsta kosti eitt barn sem er 40% auking frá mars 2021.

Því miður bíður skráningarkerfi málaskrár velferðarsviðs ekki upp á að umbeðnar upplýsingar séu dregnar fram með þeim hætti sem beðið er um. Skráningarkerfi skóla- og frístundsviðs er einnig þannig að gera yrði handvirka leit inn í þeim upplýsingakerfum en það hefur verið metið of umfangsmikið á þessari stundu. Verið er að skoða leiðir til að hægt verði að veita sambærilegar upplýsingar í framtíðinni, m.a. með samlestri í gegnum fjármálakerfið Agresso.

Ákveðið var að halda handvirkt utan um umræddar greiðslur í febrúar og mars 2022 í gegnum rafræna þjónustumiðstöð, en skráning fyrir marsmánuð er mjög nákvæm og er birt í töflu 1.

Tafla 1: Hlutfallsleg nýting eftir þjónustubáttum

Teg. þjónustu	Fjöldi barna alls	Fjöldi barna sem nýtir þjónustugreiðslur	% nýting
Leikskóli (1-5 ára)	166	137	83
Frístund (6-9 ára)	118	57	48
Skólamáltíðir (6-15)	261	115	44

Vakin er athygli á því að umræddar tölur gefa upplýsingar um nýtingu út frá fjölda barna en ekki foreldra sem lykiltölur hafa byggt á.